



# Framkvæmda- fréttir 21. tbl. /03



Miklabraut - Kringlumýrarbraut, gatnamót

Er lausnin fundin?

Sjá yfirlitsmynd í opnu

Það er sjaldan fjallað um vegamál á opinberum vettvangi án þess að gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar komi þar við sögu á einhvern hátt. Það er einkum vegna alvarlegra umferðarslysa sem þarna verða og tafa sem vegfarendur verða fyrir á þessum stað. Allir eru á þeirri skoðun að eitthvað þurfi að gera til að bæta úr þessu og margar tillögur hafa komið fram. Síðustu árin hefur verið að þróast hugmynd að mislægum gatnamótum á þremur hæðum þar sem hringtorg er á einni hæðinni. Tveir starfsmenn Línuhönnunar, dr. Haraldur Sigþórsson og Harald Ragnar Óskarsson, gerðu ítarlega grein fyrir þessum möguleika í Tæknivísi, blaði byggingartæknifræðinema, nú í vor og einnig er komin út áfangaskýrsla vinnuhóps Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar þar sem fjallað er um sama efni. Í vinnuhópnum eru frá Vegagerðinni Jónas Snæbjörnsson, Jón Helgason og Magnús Einarsson. Frá Reykjavíkurborg voru Stefán Finnsson, Þorgeir Þorbjörnsson og Lech Pajdak. Baldur Grétarsson frá Vegagerðinni var ritari vinnuhópsins. Skýrsluna má nálgast í heild á vefnum „vegagerdin.is“ undir „útgæfið efni“.

## Lýsing á þriggja hæða lausn

Mynd í opnu þessa blaðs sýnir hugmynd þar sem bæði Miklabraut og Kringlumýrarbraut eru í fríu flæði. Kringlumýrarbraut er neðst, þá Miklabraut og efst er hringtorg, tvo til þrjá metra yfir núverandi yfirborði.

Í þessari lausn er reiknað með að setja mislæg gatnamót við Listabraut þar sem Listabraut fer undir Kringlumýrarbraut. Í framtíðinni þarf að taka afstöðu til útfærslu gatnamóta Kringlumýrarbrautar norðan Miklubrautar, við Háaleitisbraut og Laugaveg/Suðurlandsbraut.

Ef Miklabraut verður í fríu flæði við Kringlumýrarbraut mun myndast mikill tappi við Lönguhlíð sem erfitt getur reynst að eiga við þar sem eingöngu er hægt að hafa tvær akreinar í hvora átt vegna þrengsla, nema með því að loka fyrir vinstribeygjur. Horfa þarf til þess að finna lausn á gatnamótunum við Lönguhlíð í samræmi við valda lausn á gatnamótunum við Kringlumýrarbraut. Til lausnar á þessu er hér gert ráð fyrir tveimur stökkum á Miklubraut, annars vegar á milli Eskihlíðar og Reykjahlíðar og hins vegar á milli Lönguhlíðar og Stakkahlíðar. Einnig er gert ráð fyrir að gatnamót Miklubrautar við Háaleitisbraut og Grensásveg verði mislæg. Auk þess þarf mislæga göngutengingu yfir Miklubraut fyrir vestan Kringlumýrarbraut.

## Arðsemi og fækkun umferðarslysa

Hringtorg eru öruggt form á gatnamótum með tilliti til slysa. Kostnaður við þessa lausn á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar er áætlaður um 2,7 milljarðar króna. Arðsemi í formi innri vaxta er áætluð yfir 20%, þegar tekið er tillit til sparnaðar í töfum og umferðaróhöppum. Við mat á arðsemi er gert ráð fyrir 80% fækkun óhappa frá því sem hún var

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 21. tbl. 11. árg. nr. 343 7. júlí 2003

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útböðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útböð eru kynnt, útböðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

árið 2000. Með þessari lausn er því verið að ná mestri fækkun umferðaróhappa.

Um gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar fara nú

um 75.000 bílar á sólarhring. Umferð um gatnamótin er stýrt með þriggja fasa umferðarljósum. Vinstribeygjur af Kringlumýrarbraut eru ekki varðar með sérstöku grænu ljósi og veldur

það miklum erfiðleikum, óryggi, töfum og umferðarslysum. Þetta veldur því að ökumenn leita eftir að komast þessar vinstribeygjur annars staðar í gatnakerfinu með tilheyrandi erfiðleikum og óþægindum. Mikil uppsöfnun bíla er til dæmis á rampa frá Kringlumýrarbraut í Fossvogi í vinstribeygju inn á Bústaðaveg og þar verða mörg slyss. Einnig eru vinstribeygjur af Kringlumýrarbraut inn á Hamrahlíð tíðar með tilheyrandi gegnumakstri um íbúðahverfi. Þessi lausn leysir þetta vandamál að öllu leyti.

Kostnaður við gerð mislægra gatnamóta Kringlumýrarbrautar og Listabrautar er áætlaður 400 milljónir króna. Í áætlunum er gert ráð fyrir að þau gatnamót geti verið sérstakur áfangi. Æskilegast væri að ljúka öllu verkinu í einni heild.

### Aðgengi að nálægum svæðum

Umferðarspár sýna að með þessari lausn mun umferð aukast strax um gatnamótin. Því er líklegt að hluti ökumanna sé að aka aðrar leiðir, jafnvel um íbúðahverfi, til að forðast gatnamótin.

Mjög auðvelt er að rata um gatnamótin og þau eru örugg. Góðar tengingar eru til allra átta frá öllum áttum. Umferð frá Listabraut sem ætlar til norðurs eftir Kringlumýrarbraut þarf þó að fara um hringtorgið, sama gildir um umferð frá Listabraut sem ætlar inn á Miklubraut, en frá hringtorginu eru allar leiðir greiðar. Aðeins hægribeygjur verða mögulegar við Hamrahlíð. Umferð af Kringlumýrarbraut og Listabraut sem ætlar inn í Hamrahlíð verður að taka U beygju í hringtorginu til að komast í hægri beygju inn í Hamrahlíð. Umferð frá Hamrahlíð að Kringlusvæðinu kemst um hægribeygju frá Hamrahlíð að mislægum gatnamótum við Listabraut.

Þrátt fyrir að þessir tiltölulega litlu straumar þurfi að leggja á sig smá krók þjónar þetta mannvirki öllum stóru straumunum mjög vel á einfaldan og aðgengilegan hátt.

Aðgengi að Kringlusvæðinu verður gott úr öllum áttum og allar leiðir verða einfaldar og skýrar.

### Hjólendi og gangandi

Þessi lausn býður upp á þann möguleika að leysa austur/vestur ás (samsíða Miklubraut) fyrir hjólendi og gangandi með undirgöngum undir rampana með tiltölulega litlum hæðarbreytingum. Norður/suður ás (samsíða Kringlumýrarbraut) færi um núverandi undirgöng eða göngubrú austan gatnamótanna. Æskilegt er að byggja göngubrú yfir Miklubraut vestan Kringlumýrarbrautar. Með mislægum göngutengslum við þessi gatnamót og með stokkunum á Miklubraut á milli Eski-



Eins og ástandið er nú á Miklubraut vestan Grensásvegur er ljóst að margir ökumenn forðast þessa leið á mesta annatíma dagsins. Þeir kjósa frekar að þræða aðrar stofnbrautir eða jafnvel íbúðargötur. Þessir vegfarendur eru stundum kallaðir „flóttamenn“. Ef gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar verða gerð mislæg eins og lagt hefur verið til er viðbúið að þessir flóttamenn sæki aftur inn á Miklubraut. Það er í raun af hinu góða því þá léttist umferð um götur sem ekki eru ætlaðar fyrir þunga og hraða umferð. Þetta skapar hins vegar vandamál á gatnamótum Miklubrautar austan og vestan Kringlumýrarbrautar. Það þarf því að gera þau mislæg á sama tíma eða jafnvel fyrr. Hér að ofan er sýnd hugmynd að lausn gatnamóta við Lönguhlíð og Stakkahlíð. Miklubraut er lögð í stökk undir þessi gatnamót sem verða hringtorg. Hér að neðan er sýnd hugmynd að mislægum gatnamótum Miklubrautar við Háaleitisbraut annars vegar og Grensásveg hins vegar.



### Æskilegar aðgerðir

### Kostnaður [milljarðar kr]

Kringlumýrarbraut, Miklabraut - Listabraut . . . . .	3,1
Stokkur á milli Eskihlíðar og Reykjahlíðar . . . . .	1,5–2,1
Stokkur á milli Lönguhlíðar og Stakkahlíðar . . . . .	1,5
Miklabraut Háaleitisbraut - Grensásvegur . . . . .	1,3
Kringlumýrarbraut, norðan Miklubrautar . . . . .	0,2
Samtals . . . . .	7,6–8,2

hlíðar og Reykjahlíðar og á milli Lönguhlíðar og Stakkahlíðar munu aðstæður fyrir gangandi og hjólandi á öllu þessu svæði lagast verulega.

### Almenningssamgöngur

Í þessari lausn má koma fyrir skiptistöð fyrir almenningssvagna norðan við Hús verslunarinnar í suðaustur horni gatnamótanna eins og fram kemur í tillögunni. Skiptistöðin mun tengjast gatnakerfinu nærri hringtorginu. Allar leiðir að og frá skiptistöðinni eru einfaldar og greiðfærar. Göngutengingar að og frá skiptistöðinni eru einnig góðar.

### Umhverfisáhrif

Bæði Kringlumýrarbraut og Miklabraut eru í stökk eða niðurgrafnar á löngum köflum. Það hefur bein áhrif til lækkunar á umferðarhávaða auk þess að auðvelda mjög allar aðgerðir til að setja hljóðskerma sem verja aðliggjandi byggð. Einnig eru hringtorg hentug með tilliti til lækkunar á umferðarhraða og umferðarhávaða. Ökutæki halda jöfnum og hægum hraða í gegnum slík gatnamót.

### Niðurstöður

Á þessu stigi er nauðsynlegt að ákvarða stefnu til lengri tíma í uppbyggingu Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og horfa til framtíðar og meta hvað mismunandi lausnir bera í skauti sér. Í skýrslu sinni hefur vinnuhópurinn reynt að varpa ljósi á meginatriði þeirra lausna sem til greina koma á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og næsta nágrenni. Lausnirnar hafa verið einfaldaðar og dregnar saman í þrjár megin lausnir og kostir þeirra og gallar reifaðir. Á þessum grunni telur hópurinn að byggja megi ákvörðun um hvernig þessu verkefni verður fram haldið. **Sjá yfirlitsmynd í næstu opnu.**

*Klippt og límt úr áfangaskýrslu starfshóps, VAI*



*Miklabraut í vestur*



Kringlumýrarbraut

Listabraut

Skip  
almenni





Skiptistöð  
almenningssvagna

Miklabraut



## Frá ritstjóra

Útgáfutíðni Framkvæmdafrétta ræðst af auglýsingum útboða og er reglan sú að ef ekki berst auglýsing þá er ekki gefið út blað þá vikuna. Með þessu móti koma út um 40 tölublöð á ári en það er helst seint á haustin sem hlé verður á útgáfunni. Nú um miðjan júní gerðist það hins vegar að ekkert blað kom út tvær vikur í röð. Það bást engar auglýsingar. Nokkrir áskrifendur höfðu þá samband og höfðu áhyggjur af því að þeir hefðu dottið af lista. Þar sem blöðin eru líka birt á vefnum *vegagerdin.is* er auðvelt að kanna hvort blað hafi komið út en ekki borist. Niðurstöður útboða eru líka birtar á vefnum og höfum við sett okkur það markmið að niðurstöðurnar verði komnar á vefinn fyrir kl. 17 á opnunardegi. Annað markmið sem vonandi rætist síðar er að tölurnar birtist um leið og þær verða lesnar upp. Tæknilega er það einfalt en ekki hefur gefist tími til að útfæra það.

*Viktor Arnar Ingólfsson*

## Stýrihópur fyrir Fáskrúðsfjarðargöng

Vegamálastjóri hefur skipað stýrihóp vegna framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng. Hópurinn skipa Einar Þorvarðarson umdæmisstjóri á Austurlandi formaður, Rögnvaldur Gunnarsson forstöðumaður tæknideildar og Birgir Guðmundsson umdæmisstjóri Norðurlandi eystra.

Hlutverk stýrihópsins er að hafa yfirumsjón með framkvæmdum, fylgjast með framvindu verksins og vera fulltrúa verkkaupa til ráðgjafar við framkvæmdina. Hreinn Haraldsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs er tengiliður hópsins við yfirstjórn.

Hópurinn skal halda fundi reglulega, minnst einu sinni í mánuði (símafundur) og hittast á verkstað fjórum sinnum á ári. Allir fundir og ákvarðanir stýrihóps skulu bókaðir. Ráðgjafar skulu kallaðir til eftir þörfum.

## Niðurstöður útboða

### Vestfjarðavegur (60), brú á Múlaá í Kollafirði 03-046

Tilboð opnuð 30. júní 2003. Vestfjarðaumdæmi. Bygging brúar á Múlaá í Kollafirði í Austur-Barðastrandarsýslu. Brúin er um 16 metra steyppt plötubrú í einu hafi.

Helstu magntölur eru:

Gröftur . . . . .	1.500 m <sup>3</sup>
Bergboltar . . . . .	108 stk
Mótaflétir . . . . .	936 m <sup>2</sup>
Steypustyrktarjárn . . . . .	24 tonn
Steypa . . . . .	284 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. nóvember 2003.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Hólsvélar ehf., Bolungarvík	32.959.950	111,4	5.685
3	Brú verktakar ehf., Reykjavík	30.010.503	101,5	2.736
---	Áætlaður verktakakostnaður	29.574.542	100,0	2.300
2	Elinn ehf., Sauðárkróki	28.161.400	95,2	887
1	Íslenskir verktakar ehf., Mosfellsbæ	27.274.870	92,2	0

Formaður stýrihópsins sér um samskipti við fjölmiðla og aðra utanaðkomandi aðila eða vísar til viðeigandi eftir atvikum. Hann situr verkfundi með verktaka og eftirliti, eftir því sem tilefni er til. Hann yfirfer og skrifar uppá reikninga eftirlits og yfirfer uppáskrifaða reikninga verktaka.



Fáskrúðsfjarðargöng 19. júní 2003.

## Snæfellsnesvegur (54), um Fróðárheiði 03-071

Tilboð opnuð 30. júní 2003. Vesturlandsumdæmi.  
Endurlagning Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði, frá  
Miðfellsgrötu að Valavatni. Lengd kafla er 2,5 km.

Helstu magntölur eru:

Skering	8.000 m <sup>3</sup>
Fylling	20.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	9.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	4.400 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	17.500 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
9	Jarðvélar ehf., Kópavogi	44.776.000	138,3	16.321
8	Klæðning ehf., Kópavogi	43.782.000	135,2	15.327
7	Jörfi ehf., Hvanneyri	42.504.000	131,2	14.049
6	Berglín ehf., Stykkishólmi	41.125.000	127,0	12.670
5	Þórarinn Kristinsson, Biskupstungum	39.700.086	122,6	11.245
4	Landherji ehf., Hafnarfirði	37.210.300	114,9	8.755
3	Borgarverk ehf., Borgarnesi	34.303.000	105,9	5.848
2	Þróttur ehf., Skilmannahreppi	33.620.000	103,8	5.165
---	Áætlaður verktakakostnaður	32.386.718	100,0	3.932
1	Stafnafell ehf., Kálfárvöllum	28.455.100	87,9	0

## Auglýsingar útboða

### Hringvegur (1) um Krossá í Fljótshverfi 03-083

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum  
í verkið „Hringvegur (1) um Krossá í Fljótshverfi“. Um er  
að ræða ræsalögn í Krossá ásamt endurbyggingu Hring-  
vegarins á 400 m kafla.

Helstu magntölur eru:

Fylling	7.450 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	1.995 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	450 m <sup>3</sup>
Stálplöturæsi	25 m
Tvöföld klæðing	2.520 m <sup>2</sup>
Grjótvörn	750 m <sup>3</sup>
Steypuvinna	25 m <sup>3</sup>
Frágangur fláa	4.970 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið eigi síðar en 15. október 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í  
Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudegin-  
um 7. júlí 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánu-  
daginn 21. júlí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann  
dag.



Á forsíðu síðasta tölublaðs birtist mynd af nýjum vegi yfir  
Þverárfjall. Þar mátti sjá gömul bæjarhús og hafa nokkrir  
verið að velta því fyrir sér hvað bærinn heiti. Frá Sauðár-  
króki bárust svo þær upplýsingar að þetta muni vera Illuga-  
staðir en þar bjó eitt sinn Lúdvík Kemp sem var þekktur  
vegagerðarmaður og byggði m.a. veg yfir Siglufjarðarskarð.

### Uxahryggjavegur (52)

#### um Sandklufstarvatn 03-054

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum  
í gerð Uxahryggjavegar (52) um Sandklufstarvatn á um  
4,5 km löngum kafla.

Helstu magntölur eru:

Fylling	58.100 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	11.235 m <sup>3</sup>
Bergskering	3.000 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag	19.795 m <sup>3</sup>
Ræsi	186 m
Girðingar	2.500 m

Verki skal að fullu lokið eigi síðar en 1. júlí 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í  
Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudegin-  
um 7. júlí 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánu-  
daginn 21. júlí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann  
dag.

### Jökulsá í Lóni, göngubrú stálsmíði 03-020

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum  
í stálsmíði vegna göngubrúar á Jökulsá í Lóni. Um er að  
ræða smíði, galvanhúðun og flutning á efni í 95 m langa  
göngubrú.

Helstu magntölur eru:

Stálvirki smíði	15,1 tonn
Stálvirki galvanhúðun	390 m <sup>2</sup>
Flutningur efnis	15,1 tonn

Verki skal að fullu lokið eigi síðar en 15. september  
2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði  
og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánu-  
deginum 7. júlí 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánu-  
daginn 21. júlí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15  
þann dag.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vesfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
03-075 Au. Norðausturvegur (85), Brekknaheiði - Geysirófa	03
03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	03
03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún	03
03-022 Au. Styrkingar og mölburður á Austurlandi 2003	03
03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almanskaskarð	03
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	03
03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813)	03
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	03
03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun	03
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	03
03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Reynishverfi	03
03-049 Vf. Djúpvvegur (61), Forvaði - Þorpar	03
03-048 Vf. Djúpvvegur (61), Kambsnes - Hattardalur	03
03-081 Au. Hringvegur (1), ræsi í Össurá og Hlíðará í Lóni	03
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 1. áfangi	03
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvammavegur - Vífilstaðavegur	07.03
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	07.03
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging II. áfangi	07.03
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
03-083 Sl. Hringvegur (1) um Krossá í Fljótshverfi	07.07.03 21.07.03
03-054 Sl. Uxahryggjavegur (52), um Sandkluftarvatn	07.07.03 21.07.03
03-020 Au. Jökulsá í Lóni, göngubrú stálsmíði	07.07.03 21.07.03
02-102 N.v. Siglufjarðarvegur (76), um Hofsa 2003	30.06.03 14.07.03
03-082 Sl. Kjalvegur (35), Háalda - Sandá	30.06.03 14.07.03
03-055 Sl. Villingaholtsvegur (305), Vatnsendi - félagsheimili	30.06.03 14.07.03
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
03-046 Vf. Vestfjarðavegur (60), brú á Múlaá í Kollafirði	10.06.03 30.06.03
03-071 Vl. Snæfellsnesvegur (54), um Fróðárheiði	10.06.03 30.06.03
03-045 Vf. Vestfjarðavegur (60), Eyrará - Múli	10.06.03 23.06.03
03-079 N.ey. Hringvegur (1), Glerá, viðgerð handriðs	02.06.03 16.06.03
03-042 N.ey. Eyjafjarðarbraut eystri (829), Litli Hamar - Rútsstaðir	02.06.03 16.06.03

## Útboð á samningaborði, framhald Auglýst: Opnað:

03-037 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Skagastrandarvegur - Skúfur	26.05.03	16.06.03
02-100 N.v. Skagavegur (745), Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003	26.05.03	10.06.03
03-001 Vf. Djúpvvegur (61), Kleifar - Hestur	19.05.03	10.06.03
03-073 Rn. Þingvallavegur (36), veglýsing um Helgafellsmela	19.05.03	02.06.03
03-072 N.v. Héraðsdalsvegur (754), styrking - Mælifellsdalsvegur (F756), mölburður	19.05.03	02.06.03
03-070 Rn. Snjómokstur og hálkuvörn í Reykjanesumdæmi 2003-2008	12.05.03	02.06.03
03-040 N.ey. Norðausturvegur (85), Breiðavík - Bangastaðir	12.05.03	02.06.03
02-063 Sl. Efnisvinnsla á Norðurlandi eystra 2003	12.05.03	26.05.03
03-047 Vf. Tálknafjarðarvegur (617), um Sveinseyri	28.04.03	12.05.03
03-069 Au. Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar	28.04.03	12.05.03
03-066 Au. Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004	14.04.03	05.05.03
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
03-062 Vf. Vetrarþjónusta, Brjánslækur - Bíldudalur, og bleyting í Barðastrandarsýslu <i>Berglín ehf., Stykkishólmi</i>	28.04.03	24.06.03
03-057 Rn. Reykjanesbraut (41), í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut, eftirlit <i>Hönnun hf., verkfræðistofa</i>	12.05.03	27.06.03
03-061 N.ey. Festun og yfirlögn á Norðurlandi eystra og Austurlandi 2003-2004 <i>Arni Helgason, Ólafsfirði</i>	19.05.03	25.06.03
02-014 Sl. Hringvegur (1) vega- og brúargerð við Skaftá <i>Mikael ehf., Höfn í Hornafirði</i>	02.06.03	27.06.03
03-077 Smíði stálbita 2003 <i>Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík</i>	10.06.03	26.06.03



Norræna vegtækni-sambandið

Helgi Hallgrímsson (t.v.) og Henning Christiansen

## Heiðursfélagi NVF

Helgi Hallgrímsson fyrrverandi vegamálastjóri hefur verið gerður að heiðursfélagi Norræna vegtækni-sambandsins. Þetta var tilkynnt á fundi stjórnar NVF sem nýlega var haldinn á Búðum á Snæfellsnesi.

Formaður stjórnar, Henning Christiansen vegamálastjóri Danmerkur, ávarpaði Helga á fundinum. Ræðu hans er að finna á vefsíðu NVF og er tenging á hana af fréttasíðu á [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is).

<http://www.nvfnorden.org/document.asp?page=document&objno=71213>